

fimmtudagur, 8. apríl 2004

Þekkir spilakassa af eigin reynslu

Sæll Ögmundur.

Heyrðu, mér datt í hug að senda þér smá tölvupóst vegna einarðs stuðnings þíns við umræðuna um spilafíkn sem hefur verið ansi mikil hér á landi að undanfögnu.

Ég er algjörlega sammála þínum málf lutningi. Ég er sammála því að spilakassar eigi að fara út úr sjoppum landsins. Mér finnst að þessir kassar eigi að fara inn í einhverja ákveðna sali. Þar sem aðgengi væri hert all verulega.

Mér finnst allt of lítið eftirlit vera með þessum kössum í sjoppum landsins. Það eru ekki allar sjoppur með sérstaka öryggishnappa til að ýta á ef einhver undir aldurs mörkum er að spila. Það þarf að líta til þess.

Mér finnst að það sé komið að því að þið keyrið frumvarp í gegnum þingið. Það eru tugir ef ekki hundruð einstaklinga hér á landi sem hafa misst aleiguna í þessum kössum. Mjög margar fjölskyldur eru í sárum vegna hörmunga spilafíknarinnar.

Ég er 25 ára í dag. Ég er ekki saklaus af því að hafa ekki snert þessa kassa. Ég byrjaði að setja klínk í slíka kassa þegar ég var 11-12 ára gamall. Þá voru það þessir gömlu tókalla kassar. Síðan þróaðist þetta út í það að ég var farin að setja fimmhundruð krónur í þetta og svo loks þúsund kalla.

Ég tek það fram að ég hef aldrei tekið lán eða fjármagnað mína spilamensku með slíku. Ég hef aldrei lent í fjárhagskrökkum út af þessu.

En þegar ég var yngri þá var maður nú oftast en ekki að stela af fólki í kringum sig, maður var að taka 100 kall af þabba og 200 kall af mömmu og svo þróaðist þetta út í það að maður stal af ættingjum.

Ég vil taka það skýrt fram okkar á milli að mín mál hafa aldrei ratað til lögreglu. Málin voru nú að mestu útrædd á milli mín og foreldra minna. Ég hef aldrei lent á sakaskrá eða neitt slíkt.

En það var nú komið þannig fyrir mér í lokin að ég var farin að hugleiða það að taka líf mitt út af spilafíkninni.

Kassarnir voru farnir að ráða lífi mínu. Ég hætti að stunda skólann og svo fór í lokin að ég náði ekki öllum prófum í lok grunnskólans. Reyndar ekki bara út af spilafíkn heldur út af öðrum málum einnig.

Heyrðu mig langaði bara að senda þér þetta bréf og hvetja þig áfram til dáða. Reyndu að koma frumvarpi í gegnum þingið sem bannar spilakassa í sjoppum. Það er ekki seinna vænna. Ég sendi þér nafn mitt með bréfinu en bið þig að hafa það nafnaust á síðunni.

Með kveðju,

Rúmlega tvítugur með reynslu af spilakössum.

Ég þakka þér kærrelga fyrir þetta bréf, sem segir mikla sögu.

Kveðja, Ögmundur

TIL BAKA (/FRA-LESENDUM/2004/04)

Líkar þetta 0

Deila

Tweet

Frá lesendum (/fra-lesendum)

Fyrirspurnir til Ögmundar (/fra-lesendum/fyrirspurnir-til-ogmundar)

2002 (/fra-lesendum/2002)

2003 (/fra-lesendum/2003)

2004 (/fra-lesendum/2004)

Janúar (/fra-lesendum/2004/01)

Febrúar (/fra-lesendum/2004/02)

Mars (/fra-lesendum/2004/03)

Apríl (/fra-lesendum/2004/04)

Maí (/fra-lesendum/2004/05)

Júní (/fra-lesendum/2004/06)

Júlí (/fra-lesendum/2004/07)

Ágúst (/fra-lesendum/2004/08)

September (/fra-lesendum/2004/09)

Október (/fra-lesendum/2004/10)

Nóvember (/fra-lesendum/2004/11)

Desember (/fra-lesendum/2004/12)

2005 (/fra-lesendum/2005)

2006 (/fra-lesendum/2006)

2007 (/fra-lesendum/2007)

2008 (/fra-lesendum/2008)

2009 (/fra-lesendum/2009)

2010 (/fra-lesendum/2010)

2011 (/fra-lesendum/2011)

2012 (/fra-lesendum/2012)

2013 (/fra-lesendum/2013)

2014 (/fra-lesendum/2014)

2015 (/fra-lesendum/2015)

2016 (/fra-lesendum/2016)

2017 (/fra-lesendum/2017)

2018 (/fra-lesendum/2018)

2019 (/fra-lesendum/2019)

Fréttabréf


Fullt nafn

Netfang *

SKRÁ [Afskrá \(/frettabref/afskra\)](/frettabref/afskra)

 BRÉF TIL SÍÐUNNAR (/BREF-TIL-SIDUNNAR)

 [RSS FRÉTTAVEITA \(/RSS\)](#)

 [LEIT Á SÍÐUNNI \(/LEIT\)](#)

© Allur réttur áskilinn. Ögmundur Jónasson